



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Ársskýrsla 2023



Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almenn starfsemi	2
Kjarnastarfsemi	2
Skólafélag og ýmis verkefni	2
Starfsþróun	3
Erlent samstarf	4
Árangur af markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun	5
Kjarnastarfsemi skólans - markmið	5
Rekstrarþættir – markmið	6
Tölulegar upplýsingar	7
Nemendatölur	7
Innritun nýnema 2022	7
Skipting nemenda á námsbrautir	7
Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni	7
Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum	7
Útskriftarhlutfall	7
Skólanefnd	8
Starfsfólk	8
Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2022	8
Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	9
Yfirstjórn skólans	9
Skipurit	9
Kynjaskipting starfsfólks	9
Fjármál	10

Inngangur

Í fyrirbyggjandi ársskýrslu er fjallað um kjarnastarfsemi Kvennaskólans í Reykjavík, farið yfir helstu þætti í almennri starfsemi skólans árið 2023 og ýmsar tölulegar upplýsingar birtar auk ársreiknings. Einnig er farið yfir markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunarinnar og stöðu árangursmælikvarða.

Almenn starfsemi

Kjarnastarfsemi

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut.

Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Námstími á félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut er sveigjanlegur, 3-4 ár, en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi af þeim brautum á þremur árum. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi af félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri, þ.e. lokaeinkunn hvers áfanga verður að vera 5 eða hærrí og aðaleinkunn, vegið meðaltal allra lokaeinkunna, verður að vera 5,0 eða hærrí. Þó er heimilt að ljúka tveimur áföngum með lokaeinkunninni 4 í lokaáfangu greinar. Hluti valáfanga hverrar brautar er 43 einingar. Starfsbrautin er fjögurra ára nám og er námið ætlað nemendum sem þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra. Starfsbraut Kvennaskólans tók til starfa haustið 2023 og er vinna við ritun námsbrautarinnar í gangi.

Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Skólastarfið og ýmis verkefni

Starfsemi skólans var með hefðbundnum hætti árið 2023. Fyrir haustönnina var þó sett á laggirnar ný braut við skólann, starfsbraut. Mennta- og barnamálaráðuneytið fór þess á leit við framhaldsskólana að stækka eða opna slíkar brautir vegna fjölda nemenda sem vantaði pláss á slíkum brautum. Tekin var ákvörðun í byrjun júní að slík braut yrði sett á laggirnar í Kvennaskólanum og ráðinn var inn deildarstjóri, tveir kennarar og stuðningsfulltrúi.

Á vormánuðum fékk skólinn erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu þess efnis að kanna fýsileika sameiningar Kvennaskólans og Menntaskólans við Sund. Kvennaskólinn skilaði í kjölfarið greinargerð til ráðuneytisins um málið sem byggðist á niðurstöðum úr SVÓT greiningu meðal starfsfólks og fulltrúa Keðjunnar, nemendafélags Kvennaskólans. Á haustmánuðum var síðan ljóst að ráðuneytið hygðist taka allar sameiningarhugmyndir af dagskrá.

Áframhaldandi samstarf var við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og starfar hjúkrunarfræðingur fyrir skólann í 20% starfshlutfalli. Á haustönn hóf kennari með LOGOS réttindi lesblindugreiningar við skólann nemendum að kostnaðarlausu.

Kvennaskólinn er einn af samstarfsskólum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Samstarfsskólar sjá um vettvangsnám kennaranema sem er 10 ECTS einingar. Að venju var skólinn með kennaranema sem sóttu vikulega fundi, kynntust

fjölbreyttum þáttum í starfsemi skólans, aðstoðuðu við kennslu og fengu æfingu í að kenna undir handleiðslu leiðsagnarkennara við skólann.

Gerður var nýr stofnanasamningur við KÍ vegna 7. greinar áfangasamkomulags þar sem voru sett ný lágmarksviðmið um grunnlaunasetningu. Samningurinn var undirritaður í desember.

Félagslíf nemenda var að vanda blómlegt. Sem dæmi um hefðbundna þætti í félagslífi nemenda má nefna nýnemaferð, peysufatadag hjá nemendum í 2. bekk, dimmisjón útskriftarnema, þátttöku í Gettu betur og MORFÍS, Tjarnardaga og söngkeppnina Rymju auk hinna ýmsu smærri viðburða. Fúría, leikfélag skólans, setti að þessu sinni upp söngleikinn Ó, Ásthildur undir leikstjórn Agnesar Wild.

Hefð er fyrir því að nemendur skólans fari einu sinni á ári í leikhús og að þessu sinni varð sýningin Níu líf í Borgarleikhúsinu fyrir valinu.

Starfsþróun

Tvisvar á ári er skipulögð fræðsludagskrá, svokölluð húsþing, fyrir allt starfsfólk skólans. Á húsþingum er einn sameiginlegur fyrirlestur fyrir alla og svo velur starfsfólk sér tvær málstofur.

Hér má sjá dagskrá húsþinga á vor- og haustönn 2023:

Húsþing vorannar 2023:

Húsþing Kvennaskólans – þriðjudaginn 21. febrúar 2023

Kl. 12:30 – 13:30 **Kynferðisbrot og framhaldsskólanemar**
María Rún Bjarnadóttir, verkefnisstjóri stafræns ofbeldis hjá embætti Ríkislögreglustjóra (M19)

Kl. 13:30 – 13:50 **Kaffihlé**

Velja eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta

Málstofur I: 13:50-14:20

Agastjórnun – bekkjarstjórnun (M23) Valgerður Stella umræðustjóri Umræðuhópur þar sem þátttakendur deila reynslu sinni. Hvað reynist vel og hvað getum við gert þegar takast þarf á við agaleysi í hóp? Hér verður lögð áhersla á reynslusögur og dæmi.	Forvarnir í Kvinnó (M27) Ester Bergsteinsdóttir Forvarnarstefna skólans og hvað geta kennarar gert í kennslu og starfi sem hefur forvarnargildi.	Avinningur þess að nota Teams (M24) Ágúst Valgeirsson Málstofa fyrir alla sem hafa áhuga á að bæta við sig þekkingu á Teams og tengdum málum. Í þessari málstofu verður, appað, spjallað og sýnt.
---	--	---

Málstofur II: 14:30-15:10

Ástin og listin að elska (M23) Jóhann Valur Klausen Í þessari málstofu mun Jóhann fara yfir helstu kenningar og hugmyndir sem hann tekur fyrir í áfanganum Ástin og listin að elska.	Nýtt kennsluefni í skylduáfangi í ensku (M27) Þórdís Eyvör Uppbygging á akademískum orðaforða á ensku með tilliti til lykilstoða í námskrá, líðandi stundar og áhuga nemenda.	Hugleiðsla og slökun í dagsins önn (M24) Lilja Ósk og Sigrún Steingríms Létt umfjöllun um hvernig nýta má hugleiðslu og slökun sem verkfæri til að styrkja sig og auka vellíðan. Stuttar verklegar æfingar og umræður.
--	---	--

Húsping haustannar 2023:

Húsping Kvinnaskólans – föstudaginn 3. nóvember 2023

Kl. 13:20 – 14:20 **Gleði og húmor í vinnunni**
Ragnhildur Vigfúsdóttir (<https://ragnhildurvigfusdottir.is/um-mig/>)

Kl. 14:20 – 14:35 **Kaffihlé**

Velja eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta

Málstofur I: 14:35-15:15

Verkefnaárið nám í tölfraði (M23) Alexandra Viðar Verkefni sem reyna á fjölbreytta hæfni nemenda. Lærdómurinn er nothæfur í raunveruleikanum og þess vegna sjá nemendur mikinn tilgang með þeim.	Turnitin 101 (M24) Elinrós Þorkelsdóttir Fyrirlögn verkefna, matskvarðar, yfirferð verkefna í Turnitin og hvernig geta nemendur notað Turnitin í verkefnavinnu. Ef þú hefur litið notað Turnitin eða villt hressa uppá kunnáttuna þá er þetta málstofa fyrir þig.	Upplýsingaóreiða og falsfréttir (M27) Ólína Ásgeirsdóttir Umræðuhópur þar sem farið verður í hvernig hægt er að kenna nemendum að greina upplýsingaóreiðu og falsfréttir. Kennarar deila reynslu sinni.
--	---	---

Málstofur II: 15:20-16:00

Kynlifsmenning framhaldsskólanema (M23) Ágústa Björg Kristjánsdóttir Í þessari málstofu mun Ágústa segja frá meistaraverkefninu sínu: „Eitt leiðir af öðru og ...“ hvernig framhaldsskólanemar vinna með samþykki í kynferðislegum aðstæðum.	Gervigreind í námi og kennslu (M24) Sigurður Einar Vilhelmsson Umræðuhópur um gervigreind, praktik og siðareglur. Hvernig nálgumst við gervigreindina í námi og kennslu? Er hún þegar farin að hafa áhrif á námið og kennsluna?	Leikjavæðing kennslu (M27) Bjarni Ólafsson Leikjavæðing er kennsluáferð sem tekur áferðir leikja og tölvuleikja og hannar námsefni út frá áferðum þeirra.
--	---	---

Á haustönn 2023 var að auki fræðslufyrirlestur fyrir starfsfólk um bakslagið í hinsegin baráttunni frá Tótlu I. Sæmundsdóttur fræðslustýru Samtakanna '78.

Erlent samstarf

Kvinnaskólinn í Reykjavík er með Erasmus+ vottun. Á vorönn lauk samstarfsverkefni við skóla í Póllandi, Þýskalandi og Eistlandi og heimsótti hópur nemenda skólans ásamt tveimur kennurum Eistland. Skólinn tók á árinu þátt í nemendaverkefni með skólanum L'Institution Robin í Vienne í Frakklandi þar sem áherslan var á daglegt líf ungmenna, fjölmenningu, umhverfismál, jarðfræði, menningu og sögu. Nemendur heimsóttu Frakkland á vorönn 2023 ásamt frönskukennurum og tóku nemendur skólans ásamt kennurunum líka á móti franska hópnum á sömu önn. Nokkrir kennarar og annað starfsfólk heimsótti skólann í starfsspeglun (e. job shadowing), þ.á.m. frá Danmörku, Ítalíu og Ungverjalandi. Tveir kennarar skólans fóru í starfsspeglun til Danmerkur. 32 kennarar og stjórnendur skólans fóru í endurmenntunarferð til Írlands í lok október og heimsótti hópurinn tvo skóla í Galway á Írlandi, Clarin College og Caláste Bhaile Chláir.

Að auki má nefna að við skólann eru kenndir borgarafangar og fór hópur nemenda á haustönn með kennurum til Berlínar.

Árangur af markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun

Í stefnumiðaðri áætlun fyrir tímabilið 2023-2025 voru sett fram eftirfarandi þrjú markmið í kjarnastarfsemi skólans:

Kjarnastarfsemi skólans – markmið

- 1. Auka gæði náms og kennslu.** Mælikvarðar voru a) líðan nemenda í skólanum, b) þátttaka í kennslu- og áfangamati og c) áfangaframboð í kjarna og vali.
 - a) *Líðan nemenda í skólanum*
 - Viðmið 2023: 90% nýnema líður vel í skólanum og 85% nemenda telja sig vera hluta af tilteknum hópi í skólanum.
 - Staðan 2023: 87% nýnema á haustönn 2023 líður vel í skólanum og 85% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum, nemendakönnun í apríl 2023.
 - b) *Þátttaka í kennslu- og áfangamati*
 - Viðmið árið 2023: 81% svarhlutfall eða hærra.
 - Staðan vorið 2023: 68,9% svarhlutfall og á haustönn 2023 var svarhlutfallið 77,1%.
 - c) *Áfangaframboð í kjarna og vali*
 - Viðmið árið 2022: 80% nemenda ánægð með námsframboð og árið 2025, 83% telja námsframboð í kjarna og/eða vali mjög eða frekar gott.
 - Staðan á vorönn 2023: 87% nemenda telja námsframboð í kjarnaáföngum mjög eða frekar gott og 83% telja námsframboð á valáföngum mjög eða frekar gott.
- 2. Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms.**
 - Viðmið árið 2022: 87% telja námið í skólanum góðan undirbúning fyrir framhaldsnám.
 - Staðan vorið 2023: 96% útskrifaðra nemenda (nemendur útskrifaðir vorið 2021) telja námið í skólanum hafa verið góðan undirbúning fyrir frekara nám.
- 3. Auka ábyrgð nemenda á eigin námi.** Mælikvarðar voru a) skólasókn, b) mat nemenda á eigin stöðu og c) námsframvinda.
 - a) *Skólasókn*
 - Viðmið fyrir árið 2023 var að óútskýrð fjarvera úr kennslustundum væri 6% eða minna.
 - Staðan á vorönn 2023: 10,4% nemenda voru með 79% eða lægri raunskólasókn og 69% nemenda með 94% eða hærrí vottorðamætingu. Á skólaárinu 2022-2023 var leyfi (L) skráð sem fjarvist með útskýringu (reiknuð fjarvistastig) og því ekki inni í svokallaðri vottorðamætingu.
 - Staðan á haustönn 2023: 48,3% nemenda voru með 94-100% raunskólasókn og 89,8% nemenda voru með 94-100% mætingu þegar búið er að taka tillit til veikinda og leyfa. Nýjar reglur um skólasókn voru birtar á heimasíðu skólans í júní 2024 (<https://www.kvenno.is/is/skolinn/skolinn/skolareglur-1/reglur-um-skolasokn-1>).

b) *Mat nemenda á eigin stöðu*

- Viðmið árið 2023: 80% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum og 88% nemenda segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu.
- Staðan vorönn 2023: 77% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum og 89% nemenda segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu.
- Staðan haustönn 2023: 79% nemenda almennt góðan vinnufrið í kennslustundum og 88% nemenda segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu.

c) *Námsframvinda.*

Mælikvarðar voru fjöldi þreyttra endurtökuprófa en samkvæmt reglum skólans hafa nemendur sem eru með lokaeinkunn undir 5,0 heimild til að þreyta endurtökupróf í einum eða tveimur kjarnaáföngum í lok annar.

Viðmið árið 2023: 65 þreytt endurtökupróf.

Staðan árið 2023: Vorönn 2023 voru 90 þreytt endurtökupróf og á haustönn 2023 voru 96 þreytt endurtökupróf.

Rekstrarþættir – markmið

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram eftirfarandi þrjú markmið:

1. *Auka gæði í starfsemi skólans*

Mælikvarðar eru gæðahandbók og viðmið árið 2023 að a.m.k. 5 stefnur, áætlanir og/eða verkferlar væru uppfærðir og útgefnir. Á árinu 2023 voru eftirfarandi stefnur og áætlanir uppfærðar og útgefnar:

- [Jafnlaunastefna](#)
- [Rafræn vöktun](#)
- [Umhverfis- og loftlagsstefna](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Viðbragðsáætlun skólans](#)

Að auki hafa verið gerðir eftirfarandi verkferlar: Brautskráning stúdentna, hreingerningar og þríf, nýráðningar, starfslok, verklagsreglur vegna kennslu- og áfangamats, móttöku nýnema og miðlun viðbragðsáætlunar.

2. *Aukin starfsánægja*

Gögn til grundvallar er niðurstaða úr starfsumhverfiskönnuninni Stofnun ársins.

- Viðmið árið 2023: 4,2 í heildareinkunn, 3,8 í vinnuskilyrðum og 4,5 í starfsanda.
- Staðan árið 2023: 4,41 í heildareinkunn, 4,01 í vinnuskilyrðum og 4,62 í starfsanda.

3. *Efla umhverfisstarf*

Þátttaka í grænum skrefum.

- Viðmið árið 2023: Fyrsta skrefi lokið.
- Staðan árið 2023: Fyrsta græna skrefinu lokið, staðfesting í janúar 2024.

Skólar á grænni grein, grænfánaverkefni.

- Viðmið árið 2023: Viðhalda Grænfána
- Staðan árið 2023: Í október 2022 fékk skólinn í fjórða sinn viðurkenningu fyrir þátttöku í verkefninu Skólar á grænni grein/grænfánaverkefnið. Skólinn flagnar því grænfána árið 2023.

Tölulegar upplýsingar

Nemendatölur

240 nemendur í 10. bekk sóttu um skólavist í Kvinnaskólanum sem fyrsta val og 302 sem val tvö.

Innritun nýnema 2023

Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
76	170	0	246 (þar af 4 kk og 5 kvk á efri ár)

Skipting nemenda á námsbrautir

Námsbraut	Vor 2023				Haust 2023			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	99	74	92	1	102	98	74	5
Hugvísindabraut				1				
Náttúruvísindabraut	127	120	115	1	126	122	117	3
Starfsbraut	0	0	0	0	10	0	0	0
Nemendafjöldi samtals	630				657			

Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni

Námsbraut	Vor 2023			Haust 2023		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	51	215	0	61	219	0
Hugvísindabraut	1					
Náttúruvísindabraut	120	243	0	118	249	0
Starfsbraut			0	6	4	0

Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum

Námsbraut	Vor 2023	Haust 2023
Félagsvísindabraut	86	2
Hugvísindabraut	1	0
Náttúruvísindabraut	113	2
Alls	200	4

Útskriftarhlutfall

Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2022 var 636 og 630 á vorönn 2023. Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann nái að brautskrást á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka 200 eininga stúdentsprófi.

Á þriðja ári vorið 2023 voru 207 nemendur, brautskráðir vorið 2023 voru 200 (96,6%). Haustið 2020 innrituðust 222 nemendur í 1. bekk og vorið 2023 útskrifuðust 200 nemendur, 5 stefna að útskrift í desember 2023 og 2 vorið 2024. Útskriftarhlutfall innritunarhóps frá 2020 stefnir því í að verða 93,2%.

Skólanefnd

Skólanefnd var skipuð 31. maí 2023. Nefndina skipa:

Aðalmenn:

- Stefán Hilmarsson
- Sýlvía B. Gústafsdóttir
- Sígyn Blöndal Kristinsdóttir
- Diljá Ámundadóttir Zoëga
- Sandra Hlíf Ocares

Varamenn:

- Brynja Björk Magnúsdóttir
- Pétur Hjörvar Þorkelsson
- Stefán Pálsson
- Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir

Áheyrnafulltrúar:

- Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, áheyrnafulltrúi starfsfólks
- Ólöf Thelma Arnþórsdóttir, áheyrnafulltrúi nemenda á vorönn 2023
- Embla María Möller Atladóttir, áheyrnafulltrúi nemenda á haustönn 2023
- Birna Imsland, áheyrnafulltrúi foreldra

Starfsfólk

Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2023

Starfsheiti	Karlur		Konur		Fjöldi samtals	Stöðugildi samtals
	Fjöldi	Stöðu-gildi	Fjöldi	Stöðu-gildi		
Aðstoðarskólameistari			1	1,00	1	1,00
Bókavörður			1	0,30	1	0,30
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1,00	1	1,00
Framhaldsskólakennari	16	14,92	40	36,47	56	51,39
Fulltrúi skrifstofu			1	1,00	1	1,00
Leiðbeinandi			1	0,56	1	0,56
Matreiðslumeistari	1	1,00			1	1,00
Námstjóri			1	1,00	1	1,00
Náms- og starfsráðgjafi			3	1,60	3	1,60
Sálfræðingur	1	0,40			1	0,40
Skjalastjóri			1	0,50	1	0,50
Skólameistari			1	1,00	1	1,00
Stuðningsfulltrúi	1	0,85			1	0,85
Umsjónarmaður fasteigna	1	1,00			1	1,00
Þjónustuliði mötuneyti			2	1,70	2	1,70
Þjónustuliði ræstingu	2	1,50	3	2,30	5	3,80
Samtals	22	19,67	56	48,43	78	68,10


Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki

- Stjórnendur 4,0
- Kennarar og leiðbeinendur 51,95
- Annað starfsfólk 12,15

Yfirstjórn skólans

- Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
- Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari
- Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri
- Björk Þorgeirsdóttir, námstjóri

Skipurit



Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 52 eða 71,8%
- Karlar 20 eða 28,2%

Starfsaldur kennara er 16 ár að jafnaði, meðallífdur kennara er 48,4 ár.

Fjármál

Á árinu 2023 var ársveltan 1.112,7 m.kr. og afkoma neikvæð um 18,7 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign neikvæð sem nemur 45 m.kr. í árslok en eignir samtals 80 m.kr. Útgjaldarammi ársins samkvæmt fjárlögum var 1.014,3 m.kr. en þar af voru sértekjur áætlaðar 72,1 m.kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 942,2 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir 29,8 m.kr. framlagi til fjárfestinga, notaðar voru 3,1 m.kr. á árinu og 25,8 m.kr. af fjárfestingaframlagi flutt til reksturs. Um fjórðungur fjárfestingaframlags eða 74,6% framlagsins var notaður til endurnýjunar á tölvubúnaði og kennslutækjum. Það sem eftir stóð af framlaginu var nýtt til endurnýjunar á búnaði starfsfólks.